

Alþingi
Erindi nr. P 143/553
komudagur 6.12.2013

Reykjavík, 05. desember 2013

Umsögn um 167. mál á 143. löggjafarþingi: Náttúruvernd (brottfall laganna)

Ég sendi inn umsögn vegna þess frumvarps sem að endingu varð að lögum nr. 60/2013, er stendur til að fella brott. Athugasemdirnar sneru eingöngu að 32. gr. frumvarpsins, það er að segja um kortagrunninn. Þar lýsti ég því yfir að sú grein myndi, að öllu óbreyttu, vega að mikilvægum stjórnarskrárvörðum réttindum. Í kjölfarið voru samþykktar breytingatillögur sem breyttu greininni til batnaðar.

Samt sem áður þarf að hafa í huga að þeim heimildum sem veita á Umhverfisstofnun til að banna og jafnvel innkalla vegkort. Eins og kom fram í fyrri umsögn ætti fyrst að tryggja að gögnin séu áreiðanleg, fá reynslu af notkun þeirra og síðan sjá til hvort þörf sé á frekari aðgerðum í formi lagasetningar.

Framangreind mótmæli sneru þó eingöngu að þeirri nauðung sem setja átti á aðila sem gefa út og/eða dreifa frjálsum kortum. Þrátt fyrir fyrrnefndar efasemdir tel ég að hefja eigi söfnun gagnanna enda er áætlað að sú söfnun taki mörg ár og óþarfi að hefja upphaf hennar að óþörfu.

Ef engar efasemdir eru um forsendur þessarar söfnunar eða stóra þætti hennar ættu Landmælingar Íslands að fá samt sem áður sérstaka lagaheimild til þess að hefja verkið. Viðurlög fyrir að gefa út gögn í ósamræmi við merkingar inn á þeim grunni geta beðið þar til fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um náttúruvernd er lokið.

Svavar Kjarrval